

## **Framkvæmdalýsing stofnæðar hitaveitu milli Hoffells og kyndistöðvar RARIK á Höfn.**

Fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist Maí 2019 og ljúki Desember 2020.

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnæðar hitaveitu milli Hoffells og kyndistöðvar RARIK á Höfn. Stofnæð hitaveitu verður foreinangruð stálpípa í gildleikanum DN250/400 og nær frá dælustöð í Hoffelli og að kyndistöð RARIK á Höfn.

Um er að ræða skurðgröft, pípulögn og lögn ljósleiðarastrengs í skurð, fyllingu skurðs og frágang yfirborðs ásamt tengingu loka, suðuvinnu ásamt samsetningu hlífðarkápu hitaveitupípna o.fl. Heildar lagnaleið pípunnar er um 20 km. Skurðdýpi skal vera 1,0-2,0m. Pípur verða PUR-foreinangraðar stálpípur í heildreginni PE-hlífðarkápu.

Verktaki tekur við svæðinu, sem útboðið nær til í núverandi ástandi og er miðað við að verktaki skili landinu í sem næst sama ástandi og það var í þegar framkvæmdir hófust. Skipulagsstofnun hefur metið að framkvæmdin sé ekki umhverfismatsskyld. Að mati Umhverfisstofnunar liggur framkvæmdasvæðið að hluta til á viðkvæmu landi þar sem gróðurfar er um margt sérstætt. Sérstaklega þarf að gæta að því svæði þar sem fyrirhugað er að stofnæð fari yfir lítt raskað votlendi í Hólanesi. Mikilvægt er að náttúrulegu vatnsrennsli um votlendi sé ekki raskað. Lengd pípunnar á þessu svæði er um 700 m. Á þessari leið verður vinnusvæðið afmarkað sérstaklega við að hámarki 15 metra breidd og skal verktaki vinna innan þeirra marka. Uppgrafið efni verður notað sem fylliefni með pípu þannig að vatnsbúskap svæðisins verði á engan hátt raskað. RARIK leggur áherslu á að tekið sé tillit til þessa og að reynt verði eins og kostur er að fara gætilega um landið þannig að allt rask verði í lágmarki. Verktaki noti beltavélar eins og kostur er og gangi frá yfirborði sem næst í því ástandi, sem það var í áður en framkvæmdir hófust. Á hluta lagnaleiðarinnar skal verktaki taka tillit til fornminja.

Farið er fram á að allt vinnulag við verkið verði vandað og beltavélar notaðar eins og kostur er. Verkið skal vinna þannig að sjónræn áhrif þess fyrir landið verði sem minnst. Að framkvæmd lokinni skal land jafnað svo að falli vel að aðliggjandi umhverfi og svarðlag sléttað yfir.

Verktaki skal aldrei nota stærra jarðvinnuverkfæri en nauðsyn krefur. Verktaki leggur fram tækjalista, sem verkkaupi þarf að samþykkja og verður hann hluti af verksamningi.

Almennt séð skal verktaki gæta þess að umferð jafnt fótgangandi sem akandi verði fyrir sem minnstum truflunum.

Einnig er sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum á skipulögðu iðnaðarsvæði í landi Hoffells og Miðfells sem felur í sér gerð vegslóða milli dælustöðvar í Hoffelli og jöfnunartanks, ásamt lagningu safnpípna frá borholum að jöfnunartanki og frá jöfnunartanki að dælustöð.

RARIK mun sækja sérstaklega um framkvæmdaleyfi vegna lagningu heimæða í dreifbýli og stækkun veitkerfis í þéttbýli.